

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. tollalaga nr. 55/1987 öðlast gildi þegar í stað og tekur til vara sem ekki hafa verið tollafgreiddar fyrir gildistöku. Frá sama tíma fellur niður reglugerð nr. 289/1988 og reglugerð nr. 532/1988 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið, 23. október 1992.

Friðrik Sophusson.

Jón H. Steingrímsson.

30. október 1992

Nr. 388

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Raforka.

I. Gjaldskrárliðir vegna orkusölu.

Selfossveitur bs. selja rafmagn á orkuveitusvæðum Rafveitu Eyrarbakka, Rafveitu Selfoss og Rafveitu Stokkseyrar á þann hátt og við því verði sem hér segir:

	Án VSK	Með VSK
A.1 Almenn notkun	6.30 kr/kWst	7.84 kr/kWst
A.2 Vinnuvélar, vinnuljós, o.þ.h.	9.98 kr/kWst	12.42 kr/kWst
A.3 Utanhússlýsing	29.956.50 kr/kW/ár	37.295.84 kr/kW/ár
A.4 Sumarhús	4.12 kr/kWst	5.13 kr/kWst
B.1 Iðnaður; rafvélar o.þ.h.		
– orkugjald	2.15 kr/kWst	2.68 kr/kWst
– afgjald	9.471.00 kr/kW/ár	11.791.40 kr/kW/ár
C.1 Rofin hitun; roftími 1 x 60 mín.	5.25 kr/kWst	6.54 kr/kWst
C.2 Rofin hitun; roftími 2 x 90 mín.	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
C.3 Næturhitun; roftími allt að 12 klst	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
D.1 Hitun í iðnaði		
– næturtaxti 20:00–08:00	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
– dagtaxti 08:00–20:00	6.83 kr/kWst	8.50 kr/kWst
D.2 Húshitun; niðurgreidd	1.40 kr/kWst	1.74 kr/kWst

Auk ofangreindra orku- og/eða aflgjalda greiðir notandi mælagjald samkvæmt töflu hér á eftir.

II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Aflgjaldsmæling (B.1)

Gjaldskrártaxti B.1 tekur til allrar notkunar viðkomandi húsveitu og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1 veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald skal ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur skal fara fram í lok hvers mánaðar.

Lámarsaflgjald er miðað við 15 kW. Heimilt er að veita notanda með lægra meðalgildi en 15 kW að kaupa rafmagn skv. B.1 enda greiði hann þá lámarksaflgjaldið.

2. Hitun.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar til 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a. að aflnotkun (álag) sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunar.
- b. að raftaugar nærliggjandi dreifikerfis og rafspennir þoli álagið.
- c. að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði af honum leigugjald samkvæmt gjaldskrá (sjá töflu um mælagjald).
- d. að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar m.a. að ofnar og önnur hitunartæki séu fasttengd.

3. Launafl.

Fasviksstuðull hjá notanda skal að jafnaði ekki vera lægri en 0,9. Heimilt er að krefja notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sem nemur meira en 50% af mesta útteknu raunafl á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjald þetta skal nema hálfu afgjaldi sbr. B.1.

4. Takmarkanir.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, er heimilt að takmarka val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gera sérstakan afhendingar-samning. Þar sem flutningsgeta dreifikerfisluta (taugar og/eða spennar) er takmarkað, áskilja Selfossveitur bs. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð eða húsnæði undir stöðina, veitunni að kostnaðarlausu. Viðkomandi notandi skal í öllu hlíta skilmálum veitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar, staðsetningu stöðvar og frágang innan stöðvar og í nánasta umhverfi hennar.

III. Mælagjöld o.fl.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja húsveitu. Notandinn skal greiða mælagjald fyrir hvert mælitæki sem hér segir:

	Án VSK	Með VSK
Orkumælir; einfasa	2.966 kr/ár	3.693 kr/ár
Orkumælir; þrífasa	6.526 kr/ár	8.125 kr/ár
Orkumælir; þrífasa með straumspennum	7.296 kr/ár	9.084 kr/ár
Orkumælir fyrir sumarhús	13.560 kr/ár	16.882 kr/ár
Aflmælir	7.258 kr/ár	9.036 kr/ár
Aflmælir með straumspennum	8.065 kr/ár	10.041 kr/ár
Tvígjaldsmælir	7.294 kr/ár	9.081 kr/ár
Klukka	635 kr/ár	791 kr/ár

IV. Heimtaugargjöld.

Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga og/eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu og/eða áætlaða hámarks straumáraun viðkomandi húsveitu.

Yfirlengd varanlegrar heimtaugar miðast við jarðstrengstauga lengri en 10 m og loftlínu-taug lengri en 15 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa

eða stofntengikassa húsveitu. Taka skal tillit til aðstæðna í hverju tilviki. Yfirlengdargjald skal greitt skv. viðeigandi töflu.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi stofntaug að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald skv. töflu þar um.

Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks heimtaugar.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annara aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Heimtaugargjöldin gilda fyrir skipulögð hverfi. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Varanleg heimtaug

Málstraumur	Stofngjald	
	Án VSK	Með VSK
1x63 A	52.107 kr	64.873 kr
3x63 A	56.450 kr	70.280 kr
3x100 A	89.589 kr	111.538 kr
3x200 A	177.128 kr	220.524 kr
3x315 A	281.132 kr	350.009 kr
3x400 A	358.814 kr	446.723 kr
3x710 A	637.641 kr	793.863 kr
3x1200 A	1.071.877 kr	1.344.487 kr

Bráðabirgðaheimtaug

Málstraumur	Stofngjald	
	Án VSK	Með VSK
1x63 A	14.082 kr	17.532 kr
3x63 A	18.991 kr	23.644 kr
3x100 A	24.211 kr	30.143 kr

Yfirlengdargjald

Málstraumur	Stofngjald	
	Án VSK	Með VSK
1x63 A	247 kr/m	307 kr/m
3x63 A	277 kr/m	345 kr/m
3x100 A	308 kr/m	383 kr/m

V. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúningi á lokun	450kr	560 kr
Gjald fyrir enduropnun húsveitu	1.365 kr	1.699 kr
Aukaálestur	546 kr	680 kr

Selfossveitur bs. hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxa þar um.

Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis fyrir Rafveitu

Selfoss, nr. 510 frá 23. okt. 1991 og gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 503 frá 29. október 1991, og Rafveitu Stokkseyrar, nr. 555 frá 19. nóvember 1991, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1992.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 389

30. október 1992

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Afnot af heitu vatni.

I. Heitt vatn.

Selfossveitur bs. selja afnot af heitu vatni á veitusvæðum Hitaveitu Eyra og Hitaveitu Selfoss á þann hátt og við því verði sem hér segir:

<i>Á veitusvæði Hitaveitu Eyra:</i>	Án VSK	Með VSK
HE.1 Heitt vatn um rennslismæli	64.47 kr/m ³	80.27 kr/m ³

Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss:

HS.1 Heitt vatn um rennslismæli	40.85 kr/m ³	50.85 kr/m ³
HS.2 Heitt vatn um vatnsskammtara	11.203.50 kr/mín.l.	13.948.36 kr/mín.l.

Minnsta magn vatns um vatnsskammtara sé:

Fyrir íbúðar- verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 0,8 mín.l./100 m³

Fyrir iðnaðarhúsnæði: 0,5 mín.l./100 m³

H.2 Heitt vatn til almenningsundlauga í eigu sveitarfélaga:

Sumar; 01.05 – 30.09:	20.45 kr/m ³
Vetur; 01.10 – 30.04:	24.51 kr/m ³

Ef vatnsmælir bilar, er Selfossveitum bs. heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælagjald.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina skal innheimta fast gjald, mælagjald, fyrir hvern mæli/vatnsskammtara. Mælagjaldið skal innheimt mánaðarlega ásamt gjaldi fyrir afnot af heita vatninu. Mælagjaldið er eftirfarandi:

<i>Á veitusvæði Hitaveitu Eyra</i>	Án VSK	Með VSK
Fyrir mæla allt að ¾“	7.973.28 kr/ár	9.926.73 kr/ár
Fyrir mæla frá 1“ að 2“	15.926.40 kr/ár	19.828.37 kr/ár

Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss

Fyrir mæla allt að ¾“	5.365.50 kr/ár	6.680.05 kr/ár
Fyrir mæla frá 1“ að 2“	7.542.15 kr/ár	9.389.98 kr/ár

III. Ýmis ákvæði.

Hitaveitugjöld skv. I. og II. verða krafín mánaðarlega samkvæmt áætlun. Við gerð áætlunar um vatnsnotkun skal stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Í desember ár hvert skal lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar gera upp við sérhvern notanda.